

Mál nr. 403/2015
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A.

Bifreið rakst niður og gat kom á olíupönnu 26.8.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.10.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 10.11.2015 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að ökumaður bifreiðar A hafi þurft að snögghemla og farið út í vegakant sem hafi orðið til þess að bifreiðin rakst niður og gat kom á olíupönnu hennar. M segir að hvorki ökumaður né farþegi hafi orðið varir við skemmdir og haldið ferðinni áfram. Daginn eftir hafi A verið ekið stutta vegalengd en 28.8.2015, tveimur dögum síðar, hafi A drepíð á sér eftir að henni var ekið um einn kílómetra. M telur að tjón hafi orðið á bifreiðinni við útafakstur 26.8.2015 og gerir kröfu til að tjónið á A verði bætt úr kaskótryggingu sinni hjá V.

V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 4.1. í vátryggingarskilmálum og telur óumdeilt að um útafakstur hafi verið að ræða en andmælir því að tjón hafi orðið á vél við útafaksturinn enda hafi tjónið á vélinni ekki komið fram fyrr en tveim dögum síðar eftir talsverðan aksturs ökutækisins.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.1. í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar M hjá V vegna A, bætir vátryggingin tjón á ökutæki vegna útafaksturs. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvað það var sem beinlínis varð til þess að vél A eyðilagðist. Hvað sem því líður þá liggur fyrir að vél A var gangfær strax eftir að útafaksturinn átti sér stað og A var ekið nokkra vegalengd þann dag og daginn eftir og skemmdir á vél urðu ekki fyrr en tveim dögum eftir útafaksturinn. Ekki telst sannað að þær skemmdir sem urðu á vél bifreiðarinnar A hafi orðið við útafaksturinn og falla því ekki undir bótasvið vátryggingarskilmála þeirra sem um ræðir í máli þessu. M á því ekki rétt á bótum úr vegna tjóns á vél A úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A vegna tjóns á vél bifreiðarinnar.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.